

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/2455**2023/EES/30/65**

frá 8. desember 2022

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1217/2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum samninga um rannsóknir og þróun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2821/71 frá 20. desember 1971 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða ⁽¹⁾,að birtum drögum að þessari reglugerð ⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og einokun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EBE) nr. 2821/71 er framkvæmdastjórninni falið vald til að lýsa því yfir, með reglugerð og í samræmi við 3. mgr. 101. gr. sáttmálans, að 1. mgr. 101. gr. sáttmálans gildi ekki um tiltekna flokka samninga um rannsóknir og þróun.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1217/2010 ⁽³⁾ eru skilgreindir flokkar samninga um rannsóknir og þróun sem framkvæmdastjórnin telur að uppfylli almennt þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans. Sú reglugerð fellur úr gildi 31. desember 2022.
- 3) Hinn 5. september 2019 setti framkvæmdastjórnin af stað mat á reglugerð (ESB) nr. 1217/2010. Af þeim gögnum sem tekin voru saman við matið má ráða að reglugerð (ESB) nr. 1217/2010 hafi reynst gagnlegt stjórnþæki og að reglur hennar eigi áfram erindi við hagsmunaaðila. Á grundvelli niðurstaðna matsins setti framkvæmdastjórnin af stað áhrifamat 7. júní 2021 á stefnuvalkostum varðandi samþykkt nýrrar reglugerðar um hópundanþágur í tengslum við samninga um rannsóknir og þróun.
- 4) Til þess að gefa framkvæmdastjórninni nægan tíma til að ljúka samþykktarferli vegna nýrrar reglugerðar um hópundanþágur í tengslum við samninga um rannsóknir og þróun og í samræmi við valdheimild framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2821/71 ætti að framlengja gildistíma reglugerðar (ESB) nr. 1217/2010 um sex mánuði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 321, 15.12.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2023 frá 17. mars 2023 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. EB L 285, 29.12.1971, bls. 46. Frá og með 1. desember 2009 varð 81. gr. EB-sáttmálans (áður 85. gr. EBE-sáttmálans) að 101. gr. sáttmálans. Þessi ákvæði eru eins í meginatriðum. Að því er þessa reglugerð varðar ber að skilja tilvísanir í 85. gr. EBE-sáttmálans eða 81. gr. EB-sáttmálans sem tilvísanir í 101. gr. sáttmálans, eftir því sem við á.

(2) Stjtið. ESB C 405, 21.10.2022, bls. 53.

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1217/2010 frá 14. desember 2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum samninga um rannsóknir og þróun (Stjtið. ESB L 335, 18.12.2010, bls. 36).

5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 1217/2010 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað annarrar málsgreinar 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1217/2010 kemur eftirfarandi:

„Hún fellur úr gildi 30. júní 2023.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. desember 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
